

Mál nr. 459/2021**M og
V vegna Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X****Skaðabótaábyrgð. Verktakaframkvæmdir.****Gögn.**

Málskot móttakið 7. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 28. desember 2021.

Bréf M, dags. 28. desember 2021.

Málsatvik.

M lýsir því í málskoti að tjón hafi orðið á bifreið hans hinn 19. október sl. þar sem steinar úr jarðvegi hafi farið yfir bifreiðina. Hluti af gögnum málsins eru myndbandsupptök úr bifreiðinni þegar það gerist. M kveðst hafa verið á leið frá Akranesi til Reykjavíkur í umrætt sinn og tjónið hafi orðið við Kerhólakamba á Kjalarnesi.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið hans þar sem frágangur hafi ekki verið nægilega tryggður varðandi lausamöl og steina sem standi í hrúgum við veg á Kjalarnesi. Í viðbótarathugasemdum M dags. 28. desember sl. kemur fram að M kveðst aldrei hafa lent í grjótkasti eða sandfoki vegna vinds á þeim stað þar sem hann kveðst hafa orðið fyrir tjóni 19. október sl. og hann leggur áherslu á að hann hafi ekið gætilega um vinnusvæðið. Einnig gerir M athugasemdir við að ráðstafanir hafi verið gerðar á svæðinu eftir að hann sendi kvörtun á framkvæmdastjóra X.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að framkvæmd X hafi verið í samræmi við útboðsgögn framkvæmdarinnar frá Vegagerðinni, en verk X lúti að því að byggja upp fergingar á mýrarsvæðum þannig að malarblandað efni sé setta ofan á núverandi jarðveg. V vísar til þess að X hafi sett upp skilti víðsvegar um vinnusvæðið sem vari við sandfoki og grjótkasti og það hefði átt að gefa M tilefni til að gæta sín við akstur um svæðið, auk þess sem hann aki þarna um reglulega og megi vita af því að staðurinn sé vindasamur. V telur M ekki hafa sýnt næga aðgæslu við aksturinn. Einnig bendir V á að ekki sé hægt að fullyrða að jarðvegsfok hafi verið vegna framkvæmda X heldur hafi það geta verið vegna stærra svæðis á eða við Kerhólakamb.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið M, en ekki virðist vera ágreiningur um að tjón hafi orðið á bifreið hans hinn 19. október 2021, þegar hann ók framhjá Kerhólakambi á Kjalarnesi. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að X hafi farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar varðandi merkingar á því svæði sem framkvæmdir voru á þess vegum. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins að jarðvegur hafi fokið vegna framkvæmda X, en M ber sönnunarbyrði um að svo sé eða að tjón hans megi rekja til framkvæmda á vegum X. Ekki eru heldur upplýsingar í gögnum málsins um að fleiri hafi orðið fyrir tjóni á sama tíma og M þar sem atvik gætu verið skýrari hvað varðar tengsl við framkvæmdir X. Samkvæmt almennum sönnunarreglum í skaðabótarétti ber sá sönnunarbyrði um atvik og aðstæður sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á sínu tjóni. Slíka sönnunarbyrði ber M í þessu máli og telst hann ekki hafa lagt fram gögn sem sýna með skýrum hætti að tjón á bifreið hans sé hægt að rekja til þess að starfsmenn X hafi sýnt gáleysi við frágang jarðfna eða að framkvæmdir á vegum X hafi með einhverjum hætti við í bága við það sem almennt má gera ráð fyrir. Hallann af slíkum sönnunarskorti verður því að leggja á M sem á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir